

EFTIRLITSSKÝRSLA

CRI í Svartsengi Svartsengi, Grindavík



Dags eftirlits	25.10.2012	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	CRI í Svartsengi	Fulltrúi UST	Gunnlaug H. Einarsdóttir
Heimili	Borgartún 27, Reykjavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	530306-0540	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Þórðarson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Ómar Sigurbjörnsson	Staðsetning	329903,036 383317,415

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávík frá starfsleyfi komu fram við eftirlit hvað varðar skil á útstreymisbókhaldi og mælingu styrks VOC-efna í útblæstri. Ein athugasemd var gerð í eftirliti hvað varðar tillögu að hreinsibúnaði.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Verksmiðjan var skoðuð, bæði inni- og útisvæði.

Minnt var á að tilkynna þarf endurgangsetningu rekstrar skv. gr. 1.6 í starfsleyfi ef verksmiðjan eða verulegur hluti hennar er tekinn í notkun aftur ef starfsemin hefur legið niður í meira en mánuð. Einnig var bent á að þar sem rekstrarleyfið nær einungis til framleiðslu metanóls samanlagt í tvö ár frá fyrstu gangsetningu verksmiðjunnar skv. gr. 6.2. í rekstrarleyfi er mikilvægt að tilkynna til Umhverfisstofnunar alla stöðvun og gangsetningu rekstrar.

Minnt var á að öll skjöl skuli senda á ust@ust.is sem og á netfang eftirlitsmanns.

Frávík frá

gr. 3.5. í starfsleyfi

Lýsing á frávíki

Skila skal útstreymisbókhaldi í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald. Útstreymisbókhald fyrir árið 2011 hefur ekki borist Umhverfisstofnun.

gr. 2.3 í starfsleyfi

Skv. undanþágu frá gr. 2.3. í starfsleyfi ber rekstraraðila að mæla styrk VOC-efna í útblæstri eigi síðar en 15. mars 2012. Búið er að kaupa mælitæki til mælingarinnar en mælingin sjálf hefur enn ekki farið fram.

ATHUGASEMDIR

Ein athugasemd var gerð í eftirliti hvað varðar gr. 2.8. í starfsleyfi, Rekstraraðili skal innan 6 mánaða frá því að framleiðsla hefst leggja fram tillögu að hreinsibúnaði. Kom sama atriði fram sem frávík í fyrra eftirliti. Sv. bréfi frá Rekstraraðila dags 21.10.2011 þá hófst framleiðsla metanóls þann 15. nóvember 2011 og hefði skv. því átt að skila inn tillögu að hreinsibúnaði þann 15. maí 2012. Hins vegar felst Umhverfisstofnun á þær útskýringar rekstraraðila að þrátt fyrir að 9 mánuðir séu frá fyrstu gangsetningu hafa tæknilegir örðuleikar valdið því að einungis er búið að keyra verksmiðjuna í 77 daga samanlagt. Ekki hefur verið hægt að keyra verksmiðjuna nógu lengi í einu til þess að hægt sé að meta raunverulegan styrk efna í frárennsli og því erfið að leggja fram tillögur að hreinsibúnaði fyrr en reynsla er

komin á reksturinn.

ANNAÐ

Allar tengingar og leiðslur eru yfirfarnar árlega og niðurstöður skráðar inn í skoðunarskýrslur. Rekstraraðili sendir afrit af skoðunarskýrslum til eftirlitsaðila eftir hverja skoðun.


Trygginu vegna bráðamengunar skv. gr. 4.5. í starfsleyfi hefur verið skilað.

Rekstraraðili hefur tekið á leigu tvöfalda glertrefjatanka fyrir framleiðslu sína að Ferjutröð á Keflavíkurlflugvelli. 8 tankar, 45.000L hver um sig sem verða notaðir sem geymslutankar.

Efnaöryggisskýrsla fyrir metanól skv. REACH hefur verið send eftirlitsaðila.

Brugðist hefur verið við athugasemdum sem gerðar voru í fyrra eftirliti og þau atriði lagfærð.

Reykjavík, 07.12.2012



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.